

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. maí 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-6/2014:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 29. janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings um þjónustu sem hún keypti af Y.

Hinn 7. maí sl. sendi álitsbeiðandi kæruneftndinni tölvupóst. Þar kom fram að krafa álitsbeiðanda væri komin fyrir dóm, þ.e. að seljandi hefði stefnt henni til greiðslu vegna hinnar umdeildu þjónustu. Hinn 9. maí sl., hafði kæruneftndin samband við skrifstofu héraðsdóms í þinghá aðila og fékk þar staðfestingu á framangreindu.

Í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir eftirfarandi: „Nefndin vísar máli frá hafi dómur þegar fallið í því eða það er til meðferðar dómstóla eða gerðardóms.“ Þetta reglugerðarákvæði verður að skilja sem svo að kæruneftndinni beri að vísa álitsbeiðni frá hafi dómsmál verið höfðað um sama ágreiningsefni og álitsbeiðni nær til, en svo er í þessu tilviki. Verður af þessum sökum að vísa frá kæruneftndinni álitsbeiðni Sólveigar Gunnarsdóttur.

II

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir